



Reglur um niðurgreiðslur dagvistargjalda hjá dagforeldrum í Rangárbíngi ytra.

Réttur til niðurgreiðslna

Þeir sem eiga rétt á niðurgreiðslum dagvistargjalda hjá dagforeldrum eru einstæðir foreldrar, hjón og sambúðaraðilar.

Reglur

- Viðkomandi foreldri/ar þarf að eiga lögheimili í Rangárbíngi Ytra.
- Vistunaraðili þarf að hafa leyfi félagsmálanefndar Rangárbíngs ytra til þess að starfa sem dagforeldri og hafa að jafnaði lögheimili í Rangárbíngi ytra.
- Barnið sé á aldrinum 6 mánaða til sex ára (eða að upphafi skólagöngu) og eigi ekki kost á leikskólavistun.
- Niðurgreiðsla er því aðeins greidd út, að framvísað sé kvittun fyrir dagvistargjöldum frá dagforeldri.
- Ef foreldri greiðir vistunargjald hvers mánaðar fyrirfram, er niðurgreiðslan greidd fyrirfram einnig, en ef greitt er eftirá, er niðurgreiðslan greidd eftirá einnig.
- Fáir foreldri niðurgreidda dagvistun hjá dagforeldri og eigi það einnig barn á leikskóla, fáir það einnig systkinaafslátt á leikskólanum.

Fyrirkomulag

Þegar foreldri hefur greitt dagforeldri, skal lögð fram kvittun fyrir greiðslunni á skrifstofu Rangárbíngs ytra að Laufskálum 2 á Hellu og fæst þá endurgreiðsla fyrir hluta kostnaðarins miðað við gildandi reglur.*

* Athygli er vakin á því að samkvæmt ákvörðun Samkeppnisráðs frá 1991 er dagforeldrum óheimilt að samræma gjaldskrá sína og þess vegna er gjald dagforeldra mishátt.



Reglur um niðurgreiðslu dagvistargjalda hjá dagforeldrum í Rangárbæingum ytra.

Upphæðir niðurgreiðslu hjá dagforeldri í janúar 2006.

Upphæðir eru greiðslur fyrir hvern mánuð.

Einstæðir foreldrar kr. 18.725 fyrir átta klst. vistun á dag.

Hjón/sambúðarfólk kr. 12.264 fyrir átta klst. vistun á dag.

Fyrir styttri vistun á hverjum degi greiðist hlutfallslega, þ.e. fyrir 4 klst. greiðist hálf gald og svo framvegis.

Samþykkt á fundi hreppsráðs Rangárbæingis ytra þ. 11. desember 2003.

Samþykkt á fundi hreppsráðs Rangárbæingis ytra þ. 26. janúar 2006 að hækka gjaldið tvisvar á ári þ.e. 1. jan. og 1. júlí ár hvert m.v. vísitölu neysluverðs, í jan. '06 er vísit. 248,9.